

Fundargerð 874. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2019, föstudaginn 27. september kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Haraldur Sverrisson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Rakel Óskarsdóttir, Bjarni Jónsson, Kristján Þór Magnússon, Jón Björn Hákonarson og Lilja Einarisdóttir.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Inga Rún Ólafsdóttir og Guðjón Bragason sem ritaði fundargerð.

Jón Björn Hákonarson tók þátt í fundinum í fjarfundabúnaði. Gunnar Einarsson, Ásgerður K. Gylfadóttir og Eypór Laxdal Arnalds boðuðu forföll en varamaður Eypórs hafði ekki tók á að sitja fundinn í hans fjarveru.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 873. fundar - 1810033SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 873. fundar stjórnar sambandsins frá 30. ágúst 2019.

Fundargerðin var staðfest og undirrituð.

2. Fundargerð XXXIV. landsþings sambandsins - 1904015SA

Lögð fram til kynningar fundargerð XXXIV. landsþings sambandsins sem haldið var á Grand hóteli í Reykjavík 6. september 2019.

3. Skipulagsmálanefnd sambandsins - 1810076SA

Lögð fram fundargerð 36. fundar skipulagsmálanefndar sambandsins frá 9. september 2019. Einnig lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 4. september 2019, um stöðu helstu verkefna, umsagnir o.fl.

Stjórn samþykkir svohljóðandi bókarnir:

Við 1. lið fundargerðar: Stjórnin fer þess á leit við félags- og barnamálaráðherra að nefnd um endurskoðun laga um fjöleignarhús, nr. 26/1994, vegna rafbíla og heimagistingar, ljúki störfum sem allra fyrst og skili tillögum sínum til ráðherra í formi frumvarps til laga um breytingu á lögum um fjöleignarhús.

Við 2. lið fundargerðar: Stjórnin hvetur sveitarfélög til þátttöku í samráðsvettvangi sveitarfélaga um loftslagsmál og Heimsmarkmið SP.

Við 4. lið fundargerðar: Stjórn sambandsins tekur undir álit skipulagsmálanefndar og hvetur starfshóp um heildarendurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum til að vanda til verka við endurskoðun laganna. Miklir möguleikar eru fyrir hendi til að auka almenna sátt um framkvæmd umhverfismats. Áhersla verði m.a. lögð á að ná

fram markmiðum um einföldun laganna, þ.m.t. að sá tími sem umhverfismatsferlið tekur verði stytur umtalsvert og kærheimildum fækkað. Einnig verði ákvæði um tilkynningarskyldu framkvæmda endurskoðuð og reglur sem kveða á um strangari viðmið en fram koma í tilskipunum ESB verði felldar úr gildi. Bjarni Jónsson sat hjá við afgreiðslu þessa liðar fundargerðarinnar.

Við 5. lið fundargerðar: Stjórn sambandsins telur mikilvægt að málefni Skipulagssjóðs verði tekin til frekari skoðunar með tilliti til þess að umfang skipulagsvinnu sveitarfélaga hefur aukist mikið á undanförunum árum. Stjórnin fagnar því að á Skipulagsdeginum 8. nóvember n.k. verði kynning á sjóðnum.

4. Fræðslumálanefnd sambandsins - 1810078SA

Lögð fram fundargerð 121. fundar fræðslumálanefndar sambandsins frá 11. september 2019.

Stjórnin samþykkti eftirfarandi bókanir:

Við 1. lið fundargerðarinnar: Stjórnin felur framkvæmdastjóra að vekja athygli sveitarfélaga á handbók SASS um ungmennaráð og starfi fleiri sveitarfélaga á þessum vettvangi, sem gæti orðið öðrum hvatning. Landshlutasamtök eru hvött til þess að boða ungmennaráð saman til funda til að ræða málefni síns landshluta. Einnig verði athugað að setja upp viðmið um skilvirkt verklag í samráði við ungmennaráðin til stuðnings bæði fyrir sveitarfélögin sjálf og ungmennin. Þá verði sendur listi til allra sveitarfélaga um hvaða sveitarfélög hafa skipað ungmennaráð.

Við 3. lið fundargerðarinnar: Stjórnin samþykkir að beina tilmælum til félags- og barnamálaráðherra um að lokið verði endurskoðun á reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum.

Við 5. lið fundargerðarinnar: Stjórnin vísar til bókunar við 14. lið fundargerðar stjórnar.

Við 6. lið fundargerðar: Stjórn sambandsins beinir þeim tilmælum til mennta- og menningarmálaráðherra að kynna skýrslu starfshóps um fyrirkomulag samræmdra prófa hið fyrsta svo unnt verði að taka afstöðu til tillagna starfshópsins og fá umræðu um framtíðarfyrirkomulag samræmdra prófa og annars námsmats í grunnskólum m.a. í tengslum við gerð menntastefnu til 2030 sem nú er unnið að í ráðuneytinu.

5. Tjörneshreppur - úrsögn úr Sambandi íslenskra sveitarfélaga - 1909009SA

Lagt fram bréf Aðalsteins J. Halldórssonar, oddvita og Katýjar Bjarnadóttur, varaoddvita Tjörneshrepps, dags. 12. september 2019, þar sem Tjörneshreppur segir sig úr Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Úrsögn Tjörneshrepps úr sambandinu er móttækin. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samþykktu sambandsins tekur úrsögnin gildi við næsta landsþing eftir að tilkynning um úrsögn berst.

6. Í skugga valdsins - vinna Akureyrarbæjar og niðurstöður - 1806010SA

Lagt fram bréf Ásthildar Sturludóttur, bæjarstjóra Akureyrarbæjar, dags. 28. ágúst 2019, um niðurstöður vinnuhóps í Skugga valdsins #metoo. Akureyrarbær óskar eftir því að Samband Íslenskra sveitarfélaga endurskoði leiðbeiningar um gerð siðareglna og taki þar sérstaklega tillit til atriða sem snúa að #metoo. Sömuleiðis óskar Akureyrarbær eftir því að rætt verði sérstaklega um #metoo á landsþingum sambandsins hér eftir. Einnig lagður fram samskiptasáttmáli kjörinna fulltrúa Akureyrarbæjar, dags. 17. september 2019.

Samþykkt að fela sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs að taka erindi Akureyrarbæjar til vinnslu í siðanefnd sambandsins, í tengslum við mótun hegðunarreglna fyrir kjörna fulltrúa, sbr. umfjöllun á fundi stjórnar sambandsins þ. 30. ágúst sl.

7. Staða kjaramála - 1905033SA

Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 23. september 2019, um stöðu kjaramála í september 2019.

8. Viðbrögð við broti á ákvæðum samkomulags um kjarasamningsumboð - 1905033SA

Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað framkvæmdastjóra sambandsins, dags. 24. september 2019, um viðbrögð við broti á ákvæðum samkomulags um kjarasamningsumboð.

Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga lýsir yfir verulegum vonbrigðum yfir því að Súðavíkurhreppur, Reykhólahreppur og Tjörneshreppur hafi vísitandi brotið ákvæði samkomulags við sambandið um fullnaðarumboð til kjarasamningsgerðar og telur sér ekki annað fært en að skila umboðinu til viðkomandi sveitarfélaga gagnvart öllum kjarasamningum sem sambandið hefur haft umboð til að gera fyrir þeirra hönd. Í því felst að öll ákvæði sem lúta að hlutverki sambandsins í viðkomandi kjarasamningum falla niður gagnvart viðkomandi sveitarfélögum og verður þá hvert þessara sveitarfélaga ábyrgt fyrir viðkomandi þáttum við framkvæmd kjarasamninga án afskipta sambandsins. Stjórnin bendir á að sveitarfélögin geta sótt um að sambandið taki að nýju við samningsumboði fyrir þeirra hönd, að lokinni yfirstandandi kjarasamningsgerð, enda liggi fyrir skýr vilji af þeirra hálfu til að hlíta þeim skilyrðum sem felast í framsali fullnaðarumboðs af þeirra hálfu.

9. Velferðarvaktin - rannsóknarskýrslan Lífskjör og fátækt barna á Íslandi 2004-2016 - 1705025SA

Lagt fram bréf Velferðarvaktarinnar, dags. 3. september 2019, um rannsóknarskýrsluna Lífskjör og fátækt barna á Íslandi 2004-2016.

Stjórnin samþykkir að vísa ábendingum Velferðarvaktarinnar til umfjöllunar í félagsþjónustunefnd og í fræðslumálanefnd.

10. Tillaga um heildarúttekt á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga - 1909026SA

Lögð fram tillaga Gunnars Einarssonar, bæjarstjóra Garðabæjar, og stjórnarmanns sambandsins mótt. 25. september 2019, þar sem lagt er til að Samband Íslenskra sveitarfélaga geri sveitarstjórnarráðuneytinu grein fyrir þeirri miklu mismunun sem virðist vera í úthlutun á framlögum vegna jöfnunar fasteignaskattstekna með það markmið að það verði leiðrétt. Jafnframt er lagt til að sambandið beiti sér fyrir heildarúttekt á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Einnig lögð fram umfjöllun, dags. 26. september 2019, um jöfnunarkerfi og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga í stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2018-2022.

Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga leggur til að farið verði í heildarskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að auka gegnsæi og skýra forsendur þess svo framlög jöfnunarsjóðsins nýtist sem best til að jafna stöðu sveitarfélaga. Jafnframt samþykkir stjórnin að boða forsvarsmenn jöfnunarsjóðs til fundar við stjórnina við fyrsta tækifæri.

11. Tillaga um úttekt á málefnum fatlaðs fólks - 1909027SA

Lögð fram tillaga Gunnars Einarssonar, bæjarstjóra Garðabæjar, og stjórnarmanns sambandsins mótt. 25. september 2019, þar sem lagt er til að Samband Íslenskra sveitarfélaga láti gera úttekt á framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks. Einnig er lagt til að sambandið haldi ráðstefnu eða námskeið fyrir starfsmenn í málefnum fatlaðs fólks þar sem farið verði yfir m.a. þýðingu SIS mats, framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, íbúasamsetningu í íbúakjörnum, mönnun íbúakjarna o.s.frv.

Samþykkt var að sambandið, í samvinnu við ráðuneyti sveitarstjórnarmála, láti fara fram skoðun á framlögum í og úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks og dreifingu þeirra.

Jafnframt er framkvæmdastjóra falið að taka saman minnisblað þar sem fram komi samantekt á því hvaða fræðslu sambandið hefur boðið upp á fyrir sveitarstjórnarmenn og starfsfólk um málefni fatlaðs fólks ásamt tillögum um frekari fræðslu.

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir vék af fundi kl. 14.30, Jón Björn Hákonarson vék af fundi kl. 14.40, Haraldur Sverrisson og Heiða Björg Hilmisdóttir viku af fundi kl. 14.50.

12. Dagatal stjórnar sambandsins - 1909023SA

Lagt fram dagatal stjórnar sambandsins fyrir árið 2020.

Fundaáætlun stjórnar út árið 2020 var samþykkt, ásamt tímasetningu landsþings og fjármálaráðstefnu sambandsins á næsta ári.

13. Bókun sveitarstjórnar Grýtubakkahrepps um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga - 1909009SA

Lögð fram bókun sveitarstjórnar Grýtubakkahrepps frá 23. september 2019 í tengslum við samþykkt XXXIV. landsþings sambandsins 6. september 2019 um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga.

Umræður um málið voru teknar í tengslum við 5. lið. Ljóst er að landsþing sambandsins hefur tekið ákvörðun í málinu sem stjórn sambandsins getur ekki breytt.

14. Leiðbeinandi álit um tvöfalda skólavist barns í leik- eða grunnskóla - 1908026SA

Lögð fram drög að leiðbeinandi álit frá lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 23. september 2019, um tvöfalda skólavist barna í leik- eða grunnskóla. Málið var rætt í tengslum við 5. lið í fundargerð fræðslumálanefndar.

Stjórnin felur framkvæmdastjóra að vekja athygli allra sveitarfélaga á leiðbeinandi álit um tvöfalda skólavist barna í leik- og grunnskóla. Einnig verði álitid sent til kynningar til umboðsmanns barna og viðkomandi ráðuneyta ásamt því að fjallað verði um það á viðburðum sem sambandið stendur að í vetur um fræðslumál og málefni barna. Stjórnin áréttar jafnframt samþykkt sína frá 14. desember 2018, þar sem lögð er áhersla á að unnið verði markvisst að foreldrajafnrétti í ráðuneytum og á Alþingi. Með vísan til 7. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem lögfestur var með lögum nr. 19/2013, á barn rétt til að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra og er því mikilvægt að þess sé gætt að barn njóti samvista við báða foreldra að því gefnu að það sé barninu fyrir bestu. Það er því mikilvægt að ríki og sveitarfélög takist í sameiningu á við það verkefni af festu, að jafna stöðu foreldra sem fara með sameiginlega forsjá barna sinna en eru ekki samvistum. Óháð mögulegum lagabreytingum eiga sveitarfélögin og stofnanir ríkisins möguleika á að jafna aðstöðumun foreldra með því að leysa ýmis kerfislæg tæknileg vandamál og jafna þar með þjónustu við börn sem búa á tveimur heimilum. Stjórnin leggur áherslu á að sambandið taki þrátt í frekari umræðu um þetta málefni, m.a. í tengslum við endurskoðun barnalaga.

15. Endurtilnefning í starfshóp um eftirfylgni með framkvæmd stefnu og framkvæmdaáætlunar í málefnum fatlaðs fólks - 1709025SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 4. september 2019, þar sem María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd sem aðalmaður í starfshóp um eftirfylgni með framkvæmd stefnu og framkvæmdaráætlunar í málefnum fatlaðs fólks 2017-2021 í stað Tryggva Þórhallssonar, lögfræðings á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins. Tryggvi Þórhallsson er tilnefndur sem varamaður, í stað Sigrúnar Þórarinsdóttur sem látið hefur af störfum hjá sambandinu.

16. Tilnefning í nefnd til að sporna gegn brotastarfsemi á innlendum vinnumarkaði - 1908032SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 11. september 2019, þar sem Ellisif Tinna Víðisdóttir, lögfræðingur á kjarasviði sambandsins, er tilnefnd í nefnd til að sporna gegn brotastarfsemi á innlendum vinnumarkaði.

17. Tilnefning í vinnuhóp vegna fráveituframkvæmda - 1909015SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 25. september 2019, þar sem Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, er tilnefndur í vinnuhóp vegna fráveituframkvæmda.

18. Umsögn um starfshóp um skattalegt umhverfi þriðja geirans - 1909002SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 9. september 2019, um starfshóp um skattalegt umhverfi þriðja geirans.

19. Umsögn um drög að stefnu í málefnum einstaklinga með heilabilun - 1906025SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 26. ágúst 2019, um drög að stefnu í málefnum einstaklinga með heilabilun, mál nr. 151/2019.

20. Umsögn um drög að frumvarpi um innheimtu skatta og gjalda - 1909006SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 19. september 2019, um drög að frumvarpi til laga um innheimtu opinberra skatta og gjalda, mál S-196/2019.

Fundi var slitið kl. 15:00

Aldís Hafsteinsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir

Haraldur Sverrisson

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Rakel Óskarsdóttir

Bjarni Jónsson

Kristján Þór Magnússon

Jón Björn Hákonarson

Lilja Einarsdóttir

framkvæmdastjóri

ritari